

## Þróunarsjóður innflytjendamála Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Fjölmenningskóli Vesturlands

**Nafn styrkþega:** Símenntun á Vesturlandi

**Útdráttur:** Fjölmenningskóli Vesturlands var stofnaður árið 2024 með styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála. Fjölmenningskóli Vesturlands er þverfaglegt verkefni með áherslu á inngilding, fjölmenningsfærni, þjónustu og upplýsingaflæði. Markmið Fjölmenningskólans eru fjögur; inngilding, valdefling, lýðræðisleg- og samfélagsleg þátttaka og (ósýnileg)menning. Frá því í mars 2024 til maí 2025 stóð Fjölmenningskóli Vesturland fyrir fjölmörgum verkefnum. Á árinu 2024 var lögð áhersla á kynningar til sveitarfélaga, ljósmyndakeppni, fjölmenningsfærni námskeið sem hundruðir sóttu, og maí átakið „Hér er töluð allskonar íslenska“ fór fram í fyrsta skiptið með notkun og dreifingu á barmmerkjum. Samhliða hófst nám í samfélagstúlkun með íslenskustuðningi og aukinn sýnileiki átti sér stað með framleiðslu á markaðsefni og fjölmiðlaumfjöllunum. Á vormisseri 2025 var horft til áframhaldandi fræðslu með „Morgunkaffi-fyrirlestur“ á Teams, námskeiði um skatta og skyldur, jógatímum fyrir konur af erlendum uppruna og stafrænu maí átaki „Hér er töluð allskonar íslenska“. Þá var einnig framkvæmt rýnihópaviðtal við innfædda Íslendinga frá Vesturlandi. Viðtalið sem afjúpaði jákvæða afstöðu til fjölmenningsarmálefna. Þótt sum verkefni hafi gengið misvel, einkum vegna skorts á mannauði og þátttöku, hefur Fjölmenningskólinn sýnt fram á að markviss vinna getur eflt vitund, aukið þátttöku og lagt grunn að raunverulegri inngildingunni.